

fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins.

Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Sveitarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veit leyfi, telji hún þess þörf.

### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Mosfellshrepps, staðfestist hér samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 27. febrúar 1975.*

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

*Dórunn Klemenzdóttir.*

## S A M Þ Y K K T

um hundahald í Grindavík.

### 1. gr.

Hundahald er bannað í Grindavík.

### 2. gr.

Bæjarsjórn er heimilt að veita einstaklingum, búsettum í bænum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- Hundurinn skal skráður á skrifstofu bæjarins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem skal jafnan vera í ól um háls hundsins.
- Árlega skal bæjarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem bæjarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn skal nota til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í bænum og skal upphæð þess við það miðuð. Hundar, sem notaðir eru við búrekstur í bænum, eru undanþegnir þessu gjaldi.
- Skyll er hverjum hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Smalahundar skulu þó einnig vera undanþegnir þessu ákvæði á tímabilinu frá kl. 8.00 að morgni til kl. 22.00 að kvöldi. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skólahús, matvöruverslanir, fiskvinnslustöðvar, eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- Leyfi fyrir einstökum hundum, sem og undanþága fyrir smalahunda sbr. d-lið, er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró bæjarbúa og séu hvorki þeim né öðrum, sem um bæinn fara, til óþæginda.

- f. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á. m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrir mælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti, skal hundinum komið fyrir í geymslu. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Grindavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 20. mars 1975.*

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

*Dórunn Klemenzdóttir.*

## SAMÞYKKT

### Veidifélags Borgarfjarðar.

1. gr.

Félagið heitir Veidifélag Borgarfjarðar. Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður á heimili.

2. gr.

Félagssvæði er fiskihverfi Hvítár í Borgarfirði og nær það til allra jarða í veidifélögum á félagssvæðinu samkvæmt jarðaskráum þeirra.

3. gr.

Félagið er samband eftirtalinna veidifélaga:

Grímsár og Tunguár, Flókadalsár, Reykjadalárs, Þverár, Norðurár, Gljúfurár, Gufár, Hvítár og Norðlingafljóts.

Félög þessi starfa samkvæmt staðfestum samþykktum sínum sem sjálfstæð veidifélög. Hvert félag ráðstafar veiði í sínu umdæmi, samkvæmt 44. gr. laga nr. 76/1970 um lax og silungsveiði, a—d liðum.

4. gr.

Veidifélag Borgarfjarðar vinnur, með þeim undantekningum, sem 3. gr. kveður á um, að veiði- og fiskiræktarmálum í samræmi við ákvæði VIII. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Það annast meðal annars fiskirækt á félagssvæðinu, hefur meðalgöngu um samskipti félaganna innbyrðis, og er sameiginlegur málsvari þeirra út á við.